

# HÚSÖNDIN

84.tbl. 2.árg.  
23.október 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 24.-30.OKTÓBER

- 25.10 Hjörleifur Sigurðsson
- 27.10 Sigurður Guðni Böðvarsson
- 28.10 Ingibjörg Helga Jónsdóttir, Sölvi Karlsson,  
Sesselja Lóa Þöll Halldórsdóttir
- 29.10 Hjördís Finnbogadóttir, Axel Jónas Stefánsson
- 30.10 Sebastian Rojek, Zaneta Kuc, Katrín Briem  
Nicolas Örn Skagfield



Þá er rúðuskafan orðin okkar helsti vinur, trén hafa fellt laufin og keppnin um Snaga mánaðarins byrjuð á ný. Það þýðir bara eitt:

**Kótiletuhádegin snúa aftur!**

Við bjóðum upp á kótiletur alla fimmtudaga frá 12:00-13:30  
eða á meðan birgðir endast, 2.000 krónur á mann.

Hlökkum til að sjá ykkur!  
Starfsfólk Jarðbaðanna



Menningarfélagið Gjallandi kynnrir:

# 2019/2020 VETRARDAGSKRÁ

23. október klukkan 20:00

Skjólbrekka

Létt menningarspjall #II

Dagskrá:

- Íslensk kvikmyndasaga til 1980:

Farið verður yfir myndirnar og sýnd brot



- Stutt menningarspjall um uppáhalds íslensku myndina ykkar

- Síðan er stefnt á að reyna sýna þá mynd sem verður valin



## Ókeypis fyrir börn í sundlaugina á Laugum – Ókeypis rútuferð laugardaginn 26. október -

Skútustaðahreppur býður áfram upp á ókeypis rútuferð í sund á Laugum fyrir fjölskyldur. Næsta rútuferð verður laugardaginn 26. október n.k.

### Fyrirkomulagið er eftirfarandi:

Farið er frá hreppsskrifstofu [kl. 10:30 \(athugið breyttan tíma\)](#) laugardaginn 26. október n.k. Ókeypis er í rútna. Farið er sunnan vatns og hægt að taka upp fólk á leiðinni við Þjóðveginn. Til að vita fjöldann þarf að tilkynna þátttöku í rútuferðinni í seinasta lagi kl. 11:45 á föstudegi fyrir ferðina, á netfangið [skutustadahreppur@skutustadahreppur.is](mailto:skutustadahreppur@skutustadahreppur.is) – eða með því að hringja í 46 46 660 á hreppsskrifstofu. Gefa þarf upp fjölda fólks og hvar á að taka fólk upp í rútna á leiðinni ef það fer ekki frá hreppsskrifstofu.

Swearfélagin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit hafa gert samkomulag um aðgengi barna og ungmennta í Skútustaðahreppi að sundlauginni á Laugum. Í því felst:

- Börn í Skútustaðahreppi á aldrinum 6-16 ára fá ókeypis aðgang í sundlauginna á Laugum á opnunartíma hennar. Nafnalisti með börnum 6-16 ára með lögheimili í Skútustaðahreppi verður í afgreiðslu sundlaugarinnar og þarf að skrá þau inn.
- Nú þegar er ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára.

Að öðru leyti vísast til gjaldskrár sundlaugarinnar:

[https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/gjaldskrar/2019/sundlaugin-a-laugum\\_gjaldskra-2019.pdf](https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/gjaldskrar/2019/sundlaugin-a-laugum_gjaldskra-2019.pdf)

Næstu ferðir:

- 23. nóvember • 14. desember

### Sumaropnunartími sundlaugarinnar á Laugum:

Mánud. - fimmtud. - 07:30 til 09:30 og 16:00 til 21:30

Föstud. - 07:30 til 09:30

Laugard. - 11:00 til 17:00

Sunnud. - 11:00 til 17:00

### Athugið:

Í samræmi við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er börnum yngri en 10 ára óheimill aðgangur að sund- og baðstöðum nema í fylgd með syndum einstaklinga 15 ára eða eldri. Ekki skal leyfa viðkomandi að hafa fleiri börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.

Næstkomandi sunnudag 27. október  
verður guðsþjónusta  
í Reykjahlíðarkirkju klukkan 14:00.

Fögnum vetri og þökkum fyrir sumarið.  
Kirkjukórar sóknanna annast söng.  
Söngstjóri og organisti er Jaan Alavere.  
Sóknarprestur þjónar fyrir altari.

Verið velkomin!

## SLÆGJUFUNDUR 2019

Fyrsta vetrardag, laugardaginn 26. október, verður hinn árlegi Slægjufundur haldinn í Skjólbrekku. Dagskráin hefst kl. 14.30 og er glæsileg að vanda – slægjuræðan, umhverfisverðlaun, leik- og tónlistarskólinn og sjálfur Vísinda-Villi koma þar við sögu. Ekki láta þetta tækifæri fram hjá þér fara!

Allir leggja til veitingar á misjafnlega hollt en ofsalega gott veisluborð og að sjálfsögðu verður kaffi, te og djús á staðnum. Nemendur Reykjahlíðarskóla verða með kökubasar frá 13-14. Sjáumst á Slægjufundi og gleðjumst í góðra vina hópi, nefndin.

## SLÆGJUBALLIÐ

Er þér kalt? Komdu þá og dillaðu þér!

Hinir óviðjafnanlegu strákar í Gourmet koma og halda uppi óheyrilegu stuði að kveldi laugardagsins 26. október.

Ballið hefst klukkan 23 og verður til 3.

Veigar eru á eigin ábyrgð – miðaverð 2.000 kr.

Ath. Ekki verður posi á staðnum

Takið daginn frá því þetta verður eftirminnilegt!